

Ágætu samkomugestir – gleðilegan baráttudag!

Fyrir hönd stéttarfélaganna vil ég senda verkafólki um allan heim baráttukveðjur og taka undir kröfuna um jafnrétti, frið og bræðralag öllu verkafólki til handa.

Fyrir þá sem ekki vita þá heiti ég Silja Eyrún og er formaður Stéttarfélags Vesturlands og er að hefja mitt annað kjörtímabil í því starfi en ég hef starfað hjá Stéttarfélagi Vesturlands í 10 ár um þessar mundir.

Yfirskriftin í ár er “við sköpum verðmætin” og eru orð að sönnu.

Í ár er einnig lögð áhersla á 50 ára afmæli kvennafrídagsins en þann 24.október eru komin 50 ár síðan 90% kvenna á Íslandi lögðu niður bæði launuð og ólaunuð störf til að vekja athygli á mikilvægu framlagi kvenna til samfélagsins. En einnig til að mótmæla margvíslegri mismunun gegn konum á vinnumarkaði og þá helst að krefjast sömu réttinda og launakjara og karlar.

Talið er að yfir 25.000 konur hafi komið saman og var dagurinn einstakur og vakti heimsathygli. Fluttar voru fréttir af samtakamætti og baráttuhug kvenna á Íslandi um heim allan.

Sjálf var ég ekki fædd á þessum tíma en mér finnst eintakt að hlusta á konur sem þarna voru og hafa deilt með manni stemningunni, tilfinningunum og baráttunni sem átti sér stað. Það er trúlega á svona viðburði sem maður væri til í að geta farið á tímaflakk og fá að vera, finna og sjá. Því ég held þetta hafi verið mögnuð stund.

Ég myndi líka vilja trúa að þetta hefði dugað til þess að við fengum jafnrétti á vinnumarkaði en svo er það nú ekki alveg. Konur hafa þurft að endurtaka leikinn ekki einu sinni og ekki tvisvar heldur sex sinnum árin 1985,2005,2010,2016,2018,2023 og til stendur að halda hann aftur 2025 því jafnrétti er ekki enn náð. En áfram höldum við baráttunni.

Það þótti því við hæfi að tileinka 1.maí konum í ár og tekur dagskráin okkar mið að því hér í dag en einnig erum við svo heppin að mig langar að segja allir sem koma fram hér í dag hafa búið eða búa í Borgarbyggð og getum við svo sannarlega verið stolt af því. Við erum nefnilega svo heppin að hér er svo skapandi og listrænt fólk sem er til í að koma fram og það er dýrmætt.

Hér má einnig sjá örsýningu af konum sem hafa verið formenn verkalýðsfélaganna sem seinna sameinuðust í Stéttarfélag Vesturlands en það er einnig gaman að segja frá því að á næsta ári eigum við afmæli og verðum 20 ára.

Hér má líka sjá myndasýningu af konum við störf á svæðinu en hún Jóhanna í Safnahúsinu hefur verið dugleg að aðstoða okkur við að finna myndir og við þökkum við henni kærlega fyrir það. Þá hafa starfsmenn félagsins þær Signý og Ólöf borið hitann og þungan af þessum sýningum og er ég þeim virkilega þakklát fyrir það.

En kæru gestir takk fyrir að koma og ég vona að þið njótið með okkur hér í dag, njótið skemmtiatriðana og veitingana sem 9.bekkur í Grunnskólanum í Borgarnesi hafa gert og finnið baráttuandann í hjörtum ykkar því saman getum við meira!